

öðrum jarðstjörnum

og

á þessari.

I.

Fólkid er harðgjört. Þó að jeg álti með engu móti fundarfært úti, veðursins vegna, var kominn saman hópur manna á filteknum stað í gær, til að hlýða á ræðu mína. Bauðst jeg þá til að tala í Bárubúð, ef mjer væri útvegað húsið, og varð til þess maður seinna um kvöldið; en fáir gátu fengið vitnesku um þetta og frestdi jeg því ræðu minni til næsta sunnudags (kl. 5 í Bárubúð, sem enn mun sagt verða).

II.

Ekki hafa menn orðið við tilmælum mínum um að hætta þessum bjöllulátum, sem engum eru til gagns, en eyðileggja svefn minn og gera mjer nær alt ófært. Ogsíðan svefn minn var fyrst eyðilagður í tveggja mánaða sjóferð til Grænlands, hef jeg ekki verið jafn þrálátlega hindraður í að sofa, eins og þessa þrjá mánuði og nokkru meir, sem liðnir eru síðan bærinn setti upp þetta viðurkenda merki fífiskaparins, bjölluhringingarnar. Verð jeg að skoða þá sem eindregna fjandmenn mína, sem vilja halda þessum bjölluhringingum áfram, og mun ekki óska þeim góðs. Og þó að

menn trúi mjer ekki til þess, þá er það samt satt, að það er ábyrgðarhlutur að leggja það, sem ef til vill mætti nefna piendingar, á þó að ekki væri nema einn maður, og jafnvel þó að sá maður hefði rangt fyrir sjer í að halda, að hann væri — eða hefði verið, því að jeg hef nærrí því lagt árar í bát — að vinna að afarþýðingarmiklu starfi fyrir þjóð sína og fleiri.

Þessi bjöllu iljómur hefur sennilega spilt svefni fyrir fleirurn en mjer, þó að þeir hafi ef til vill ekki allir tekið eftir, hvað það er, sem hefur vakíð þá og gert þeim erfiðara í geði þessa síðustu þrjá mánuði.

III.

Margir munu halda, að það sje hin mestu fjarstæða, að það sje unt að vita nokkuð um lífið á öðrum hnöttum, og telja það næsta broslega hugsun, að ýmislegt í opinberunarbókum EzekIELS og Jóhannesar, eða í ritum Swedenborgs, sem í sannleika var ekki minstur af spámönnunum, megi skoða einsog nokkurskonar ferðasögur úr öðrum sólkerfum. Pesskonar ferðasögur raunar, að til að mynda Ódysseifsviða, eða ferðasögur Sindbaðs, mega í samanburði við þessar frjettir af himnum, nærrí því teljast vísingdaleg landafræði. En þó eru opinberunarbækurnar afamerkilegar, og menn munu lesa þær með ennþá meiri áhuga en áður, þegar þeir fara að skilja hið sanna eðli þeirra.

Nýar hugsanir eru vanalega misskildar og fyrirlitnar fyrst, og það þó að þær hafi ætlað sjer minna en þær, sem hjer hefur lítillega verið drepið á. Og mætti nefna þess mörg dæmi úr sögu vísindanna og heimspekinnar, hvað sannleikurinn hefur einatt átt örðugt. Og því er nú sem er. Þess vegna er ennþá til fátækt og sjúkdómarr. Þeir á himnum geta ekki hjálpað oss hjer á þessari erviðu útkjálkajörð, fyr en vjer vitum af þeim og gerum oss nokkurnveginn rjettar hugmyndir um þá, og komumst talsvert lengra fram úr dýrunum að skynsemi, en verið hefur.

IV.

Það hefði ef til vill verið hyggilegra af mjer, að leita fyrst til annara þjóða með þessi stór tíðindi, sem jeg þykist hafa að segja. En jeg get nú varla hygginn kallast, og svo er mjer það alvara, að meta meir íslensku en önnur mál, og vil ekki byrja að hugsa um mjög ervið efni á útlendum málum. Og margir munu skilja, að það er miklu skemtilegra fyrir Íslendinga sjálfa, að þeir verði fyrri til en annara þjóða menn að átta sig á þessum nýu tíðindum, sem jeg flyt þeim.

frasir
nar.

F
Best
Visis

VÍSIR

stud. 23. maí 1913.

25 blöð frá 18. maí kosta á afgr. 50 aura.
Send út um land 60 au. — Einst. blöð 3 au.

Skrifatofa í Hafnarstræti 20. • Venju-
lega opn kl. 2—4. Sími 400.

Um lífið á öðrum jarðstjörnum

talar

Dr. Helgi Pjeturss.

I Bárubúð á sunnudaginn 5 e. h.

Aðgöngumiðar á 25 aura fást laugardaginn í bókverslun
Ísafoldar, og frá 4 sunnudaginn í Bárubúð.

Mánud. 26. maí 1913.

VÍSIR

Um lífið á öðrum jarðstjörnum flutti Dr. Helgi Pjeturss. fyrirlestur í Bárubúð í gækveldi kl. 5—6 og voru áheyrendur um 200. Fyrirlesarinn hafði fram að færa ýmislegt nýstárlegt, en hinn naumi tími gaf honum ekki tækifæri til að flytja nema upphaf þessa málss, sem hann vildi ræða, og má búast við að hann náiði ven bráðar einn eða fleiri fyrirlesra um sama efni. Hann virtist þess sannfærður, að á mörgum öðrum jarðstjörnum byggju skynsemigæddar verur, sem væru

okkur miklu vitrari og myndu lengi hafa reynt að ná sambandi við okkur, og hann áleit, að það samband hefði þegar tekist að nokkru og færði dæmi til. En þessi fyrirlestur var meira inngangur til málsins, en málið sjálfst, og má því búast við meiri nýungum í næsta fyrirlestri doktorsins.